

Yfurfærsla öldrunarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga

Ráðstefna Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu um
búsetu aldra og framtíðarfyrirkomulag
21. mars 2012

Bolli Þór Bollason
skrifstofustjóri í velferðarráðuneytinu
og formaður nefndar sem undirbýr yfurfærsluna



- » ...aðdraganda og undirbúning yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaga
- » ...hvaða verkefni eigi að flytjast til sveitarfélaga
- » ...skipulag og undirbúningur helstu verkþátta yfirfærslunnar

Aðdragandi yfirfærslu öldrunarþjónustu (1)

- » Yfirfærslan er hluti af stefnumörkun stjórnvalda um að efla sveitarstjórnarstigið, m.a. með yfirfærslu verkefna á sviði velferðarþjónustu frá ríkinu
- » Mikilvægt að draga lærdóm af yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk í byrjun árs 2011...
- » ...ekki síst að yfirfærsla slíkra verkefna er stórt og flókið viðfangsefni sem krefst mikillar skipulagningar og góðs fyrirvara
- » Sveitarfélögin þurfa góðan tíma til að búa sig undir ný og stór verkefni
- » Eins er mikilvægt að allar ákvarðanir sem snúa að fjármálunum liggi fyrir með góðum fyrirvara



Aðdragandi tilfærslu öldrunarþjónustu (2)

- » Yfirfærsla á málefnum aldraðra er hins vegar talsvert frábrugðin yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks
- » Þótt ríkið fari með yfirstjórn og fjármögnun mikilvægra þjónustupáttanna sjá sveitarfélög nú þegar um framkvæmd mikils hluta öldrunarþjónustu
- » Eins eru sjálfseignastofnanir eða aðrir sjálfstæðir aðilar rekstraraðilar fjölda öldrunarstofnana
- » Yfirfærslan felst því meira í tilfærslu á fjármögnun frá ríki til sveitarfélaga en flutningi á rekstri og þjónustu
- » Mikill styrkur að það virðist víðtækur stuðningur við yfirfærsluna hjá öllum aðilum



- » Nefnd um flutning öldrunarþjónustu skipuð 14 fulltrúum ráðuneyta, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila tók til starfa í nóvember 2011
- » Fámennari hópur starfsmanna ráðuneyta og sveitarfélaga undirbýr fundi og samhæfir starfið
- » Ráðgjafar veita aðstoð og vinna að greiningu á ýmsum sviðum
- » Sérstakur upplýsingavefur hefur verið opnaður:
 - <http://www.velferdarraduneyti.is/yfirfaerslan/>



- Dagvist aldraðra, dvalarheimili og hjúkrunarheimili færast klárlega til sveitarfélaga
- Sömuleiðis heimahjúkrun – Jákvæð reynsla frá Reykjavík, Akureyri og Höfn
- Hjúkrunarrými á sjúkrahúsum – þarfnast sérstakrar skoðunar
- Fjármögnun dvalar á bráðarýmum sjúkrahúsa eftir að meðferð lýkur þarfnast líka sérstakrar skoðunar, ekki forgangsverkefni

- Yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd þjónustu – Áfram hjá ríkinu
 - Sérhæfð heilbrigðisþjónusta við aldraða utan hjúkrunarrýma – Kaupa af ríkinu
 - Mat á vistunarpörf – Sveitarfélögin taki þetta yfir
 - Endurhæfing og hvíldarinnlagnir – Hjá sveitarfélögum
 - Þátttaka í lyfjakostnaði – Aldraðir njóti sömu kjara og aðrir
- » Nefndin hefur skilgreint 10 verkefni sem þarf að vinna að áður en málaflokkurinn flyst yfir til sveitarfélaga
- » Aðkoma helstu hagsmunaaðila og sérfræðinga



1. Meta umfang og kostnað núverandi þjónustu

- Skilgreina öldrunarþjónustu á grundvelli mats á þörfum einstaklingsins
- Kortleggja umfangið, m.a. fjölda þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda og í hve miklum mæli
- Meta kostnað við öldrunarþjónustu, þmt. heimahjúkrun
- Bera saman umfang þjónustu og kostnaðar eftir landssvæðum
- Þessi vinna er þegar hafin



2. Meta þörf fyrir öldrunarþjónustu

- Greina þörf fyrir mismunandi tegundir öldrunarþjónustu
- Þróa reiknilíkan til að meta þörf á þjónustu sem tekur mið af aldurssamsetningu íbúa
- Gera áætlun um innleiðingu InterRAI mælitækis á landsvísu
- Tengsl RAI-mats, vistunarmats og aðgangsstýringar þjónustu
- Hér liggur fyrir mikið safn upplýsinga og undirbúningsvinna er þegar hafin



3. Endurskoða greiðslufyrirkomulag í öldrunarþjónustu

- Endurskoða greiðsluþátttöku aldraðra á hjúkrunarheimilum þannig að þeir haldi fjárhagslegu sjálfstæði og að greiðslur fyrir öldrunarþjónustu komi beint frá þeim að hluta eða að öllu leyti
- Það er í samræmi við stefnu margra ríkisstjórna að vasapeningakerfið verði lagt af og að því verður unnið
- Meta kostnað þeirrar þjónustu sem aldraðir greiða fyrir og setja skýr viðmið um þá þjónustu. Hvað eiga þeir að greiða fyrir ? Húsaleigu, lyf, þrif, mat, þvott o.s.frv. ?
- Nánar fjallað um þetta efni síðar á ráðstefnunni



4. Kortleggja fyrirkomulag og fjármögnun fasteigna

- Upplýsingasöfnun um fasteignir, þmt. mat á fjármögnun og eignarhaldi
- Flókið verkefni þar sem eignarhald og fjármögnun er með ýmsum hætti
- Aðgreina samninga um þjónustu og afnot af fasteignum
- Greining á þörf fyrir endurbætur á núverandi fasteignum
- Fjármögnun og endurgjald fyrir fasteignir
- Meta hlut íbúa í greiðslu fasteignakostnaðar



5. Undirbúa lagabreytingar

- Mikilvægt að undirbúa lagabreytingar með góðum fyrirvara
- Greining á núverandi löggjöf
- Kortlagning á nauðsynlegum lagabreytingum vegna tilfærslunnar
- Á að færa lög um málefni aldraðra inn í almenna löggjöf, þ.e. lög um heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu sveitarfélaga, almannatryggingar, sjúkratryggingar ?
- Nokkrar atrennur hafa verið gerðar að þessu verkefni áður



6. Ríkið ljúki gerð þjónustusamninga við hjúkrunarheimilin

- Mikilvægt að ganga frá þjónustusamningum við hjúkrunarheimilin áður en yfirfærslan kemur til framkvæmda þannig að unnt verði að taka mið af þeim í kostnaðarmati vegna yfirfærslunnar
- Móta rammamarkmið sem fyrst
- Nú þegar liggja fyrir nokkuð góðar fyrirmyndir slíkra samninga sem ættu að auðvelda þetta verk
- Greina mögulega sérstöðu einstakra aðila



7. Heildstætt kostnaðarmat vegna yfirfærslunnar þarf að liggja fyrir tímanlega

- Greina hugsanlegan kostnaðarauka vegna ákvarðana og áforma, s.s. um fjölgun einbýla
- Greina mögulega veikleika í fjármögnun þjónustu í dag
- Skoða hagræðingarmöguleika vegna samþættingar öldrunarþjónustu við félagsþjónustu sveitarfélaga
- Mat á áhrifum fjölgunar aldraðra á kostnað þjónustunnar
- Gera ramma að fjárhagslegu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga



8. Gæði og eftirlit með öldrunarþjónustu

- Setja skýr viðmið um hvaða þjónusta er í boði
- Tryggja samræmingu og samþættingu þjónustunnar
- Þróa samræmt gæðakerfi á landsvísu
- Móta þjónustu- og gæðastaðla og árangursmat
- Efla eftirlits- og matskerfi öldrunarþjónustunnar
- Samræmt eftirlit með velferðarþjónustu er í undirbúningi



9. Skilgreina tekjutilfærslur og jöfnunaraðgerðir

- Taka ákvörðun um tilfærslu tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga
- Skoða samspil útgjalda- og tekjuþróunar sveitarfélaga
- Ákveða aðferðir til að skipta fjármagni á grundvelli þjónustuparfa á hverju svæði
- Skipuleggja jöfnunaraðgerðir á grundvelli fjölda aldraðra og mats á hjúkrunarþörf



- Greina áhrif yfirfærslu á starfsmenn og réttindi þeirra
- Afmörkun starfsmanna sem færast til sveitarfélaga
- Tilhögun tilfærslu starfsmanna
- Samráð við starfsmenn og stéttarfélög
- Drög að mögulegum lagaákvæðum (eftir því sem nauðsynlegt þykir)

- Yfirfærsla málefna aldraðra til sveitarfélaga er stórt og flókið viðfangsefni sem krefst mikillar skipulagningar og tekur sinn tíma
- Lagabreytingar eru tímafrekar og fjárhagsramminn þarf að liggja fyrir með góðum fyrirvara
- Endurskoða greiðsluþátttöku aldraðra og hverfa frá greiðslu vasapeninga - Forgangsverkefni
- Það er tvímælalaust mikils virði að það virðist vera viðtækur stuðningur hagsmunaaðila við yfirfærsluna
- Ræða hugsanlega yfirfærslu heilsugæslunnar til sveitarfélaganna – Etv. valkvætt

